

Mánudaginn 15. maímán.

Nr. 5/1882 Guðni Símonarson

gegn

Þorsteini lögregluþjóni Jónssyni

## Dómur:

Mál þetta er hötðað af Guðna Símonarsyni hjer í bænnum gegn þorsteini lögregluþjóni Jónssyni út af því, að nefndur lögregluþjónn 4. nóvembermán. f. á. hafi stjakað konu málhefjandans, Guðrúnu Sigurðardóttur, út úr dómkirkjunni undir hjónavígslu, sem þar fór fram. Var dómur kveðinn upp í því máli á bæjarþingi Reykjavíkur 26. janúarmán. þ. á. með þeim úrslitum, að hinn stefndi, þorsteinn Jónsson, skyldi vera sýkn af kærnum stefnandans, Guðna Símonarsonar, í málinu, en að stefnandinn skyldi greiða hinum stefnda 10 kr. í málskostnað. —Þessum dómi hefur Guðni Símonarson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 25. febr. þ. á., og hefur hann krafizt, að undirdómnum verði alveg hrundið og breytt í þá átt, að kona hans verði alveg frí fundin af áburði þorsteins Jónssonar lögregluþjóns, en hann dæmdur í hæfilega sekt fyrir tiltæki hans gegn henni við áminnzt tækifæri, í skaðabætur allt að 50 kr. til konu áfrýjandans fyrir það sem hann hneykslaði hana saklausa að áhorfandi söfnuðinum, og til þess að borga allan kostnað sem af máli þessu hefur leitt fyrir báðum rjettum. Hinn stefndi, Þorsteinn lögregluþjónn Jónsson, hefur aptur ámóti krafizt, að verða dæmdur sýkn af kærnum og kröfum mótpartsins, að mótparturinn verði sektaður fyrir óþarfa og ástæðulausa málsýfingu, að

mótparturinn verði dæmdur til að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 12 krónum, eða öðru nægilegu, *og til vara*, að undirdómurinn verði staðfestur og mótparturinn dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með 12 kr.

Það er sannað í máli þessu og ómótmælt, að kona áfrýjandans var við áður áminnt tækifæri stödd í fordyri kirkjunnar eptir að hinni hátiðlegu athöfn, sem þar fór fram, var lokið, og meðan verið var að spila á orgelið til útgöngu, að hinn stefndi, er átti að halda reglu í kirkjunni sem lögregluþjónn, hafi þá áminnt fólk það, sem þyrpzt hafði saman í fordyrinu, að hliðra til, svo að brúðhjónin og brúðkaupsfólkið fengi gangrúm, og að hinn stefndi síðan tók í öxlina eða handlegginn á konu áfrýjandans og leiddi hana út fyrir kirkjudyrnar. Enn fremur hafa 2 vitni, sem hinn stefndi hefur leitt, borið það, að kona áfrýjandans hafi sýnt fyrirskipunum hins stefnda við þetta tækifæri óhlýðni, að þau hafi sjeð hana hlæa, og að þeim hafi virzt hún gefa af sjer hneyksli með látbragði sínu; hinsvegar hafa 2 vitni, sem áfrýjandinn hefur leitt, borið, að þau ekki hafi sjeð konu áfrýjandans hafa nokkuð það í frammi við þetta tækifæri, sem hefði verið hneykslanlegt „undir guðsþjónustunni“, og að þau ekki hafi sjeð neitt, sem gæti gefið hinum stefnda ástæðu til að láta konuna út úr kirkjunni, en jafnframt hefur annað þessara síðar nefndu vitna borið, að það ekki hafi tekið nákvæmlega eptir því, sem fram fór, og hitt vitnið, að það ekki hafi staðið hjá konu áfrýjandans, nema síðast, í kirkjunni. Með því hinn stefndi þannig hefur sannað með



samhljóða framburði 2ja vitna, að kona áfrýjandans hafi við opt áminnst tækifæri óhlýðnast fyrirskipunum hans sem lögregluþjóns, og ekki hegðað sjer eins og sómði húsi því, sem hún var stödd í, en þessi sönnun ekki er hrakin af vitnum áfrýjandans, sem sumpart ekki hafa tekið nákvæmlega eptir því, sem fram fór, sumpart ekki sjeð það allt, þá fær yfirdómurinn ekki sjeð, að hinn stefndi hafi í neinu misboðið konu áfrýjandans með því að vísa henni út úr kirkjunni á þann hátt, sem hann gjörði. Ber því að staðfesta hjeradsdóminn bæði að því leyti sem hinn stefndi með honum er sýknaður af kærum og kröfum áfrýjandans í þessu máli, og að því leyti, sem áfrýjandanum er gjört að greiða hinum stefnda málskostnað í hjeraði með 10 kr.

Sömuleiðis ber áfrýjandanum eptir þessum úrslitum málsins að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með þeirri upphæð, sem hinn stefndi hefur krafizt, og sem yfirdómurinn álitur sanngjarna.

Því dæmist rjett að vera:

Hjeradsdómurinn á óraskaður að standa. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Guðni Símonarson, hinum stefnda, Þorsteini Jónssyni, 12 krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.